

Dalvíkurbyggð  
Ráðhúsi Dalvíkur  
620 Dalvík

Reykjavík 15. nóvember 2018  
UST201810-291/A.B.  
10.04.0

**Efni:** Lýsing - Deiliskipulag - Laugahlíð í Svarfaðardal

Vísað er til erindis sveitarfélagsins Dalvíkurbyggðar er barst 31. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að deiliskipulagi fyrir Laugahlíð í Dalvíkurbyggð.

Í lýsingu kemur fram að skipulagssvæðið, sem er um 16,3 ha., er vestan við Svarfaðardalsveg á móts við Húsabakkaskóla í landi jarðarinnar Laugahlíðar sem er í eigu Dalvíkurbyggðar. Einnig kemur fram að skipulagssvæðið er á þegar röskuðu landi, þ.e.a.s. gömul tún.

Í gildandi aðalskipulagi er skipulagssvæðið er skilgreint sem íbúðarbyggð og svæði fyrir þjónustustofnanir og í lýsingu gerir skipulagið ráð fyrir uppbyggingu þriggja íbúðarsvæða.

**Friðlandið og fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á að Friðlandið í Svarfaðardal sem var lýst friðland 1972, liggur nálægt skipulagssvæðinu. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni. Friðlysingin var endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 443/1980. Mikilvægt er að mati Umhverfisstofnunar að það komi í fram í skipulagstillögnum að Svarfaðardalsá verði ekki valinn sem viðtaki fráveitu frá fyrirhuguðum skipulagssvæðum.

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999.

  
Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur